

EFTIRLITSSKÝRSLA

Veiði-fiskræktarfélag Landmannaafreittar Galtalæk



| | | | |
|---------------------|--|-------------------------|--------------------------|
| Dags eftirlits | 27.8.2024 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Auður Eyberg Helgadóttir |
| Fyrirtæki | Veiði-fiskræktarfélag Landmannaafreittar | Eftirlitsmaður | Auður Eyberg Helgadóttir |
| Heimili | Meiri-Tunga 1B | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 630580-0999 | Flokkur | Fiskeldi |
| Fulltrúi fyrirtækis | Vilborg Smáradóttir | ÍSAT nr. | |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirliti: 1) Losun fosfór reiknast 7,5 kg per tonn út frá fóðri og er yfir mörkum starfsleyfis sem eru 7 kg/tonn. 2) Árið 2023 var aðeins framkvæmd ein sýnataka úr frárennsli en ekki tvær.

Engin opin frávik voru við eftirlit.

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

- Rekstraraðila var bent á að bæta þurfi verklag og merkingar við sýnatökur og þjálfun starfsfólks í því.
- Rekstraraðila var bent á að ekki á að taka sýnatöku í lágmarkslífmassa í tómri stöð.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Rekstraraðili er með starfsleyfi sem var gefið út í maí 2021 og skal lífmassi í stöðinni ekki vera meiri en 2 tonn á hverjum tíma.

Vettvangsheimsókn fór fram 27. ágúst 2024 og rafrænn fundur var haldinn 5. september 2024.

Boðað umfang eftirlitsins var:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna

1. Þrjú frávik komu fram við eftirlit árið 2023. Varðað þau að rekstraraðila ber að halda saman skráningum í ársyfirliti, þ.m.t. niðurstöðum vöktunar. Skila þarf skráningum ársyfirlits fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár og skila þarf umhverfisupplýsingum árlega, einnig fyrir 1. maí ár hvert. Engar ábendingar voru lagðar fram. Engin opin frávik var við eftirlitið.

2. Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

3. Rekstraraðili er með umhverfismarkmið. Ársyfirliti var skilað inn 26. apríl 2024.

4. Framleiðsla árið 2023 var 564 kg og var því framleiðslan innan leyfilegra marka skv. starfsleyfi sem er 2 tonn. Fóðurnotkun fyrir árið 2023 var 540 kg og er því fóðurstuðull 0,96. Afföll árið 2023 voru 0,59 kg af seiðum. Niðurstöður útreikninga á heildarlosun voru að losunin hafi verið 7,5 kg P/tonn og 40,4 kg N/tonn út frá fóðri. Losun fosfórs er umfram leyfileg mörk samkvæmt gr. 3.4. í starfsleyfi og er því skráð sem frávik frá starfsleyfi. Rekstraraðili á að mæla heildarfosfór og heildarköfnunarefni tvisvar á ári, við hámarkslífmassa og við lágmarkslífmassa. Einungis var tekin ein sýnataka árið 2023. Sú sýnataka er ekki marktæk því hún var tekin þegar stöðin var tóm. Rekstraraðila var bent á að taka sýni í lágmarkslífmassa. Rekstraraðili skal einnig mæla efnainnihald eldisvatns í frárennsli fyrst þegar lífmassi var í hámarki árið eftir að starfsleyfið var gefið út og svo á þriggja ára fresti. Rekstraraðili fékk leyfið 2021, tók mælingu 2021 og svo 2023. Mælingar eru ekki fullnægjandi þar sem grunur er á að sýni úr innrennsli og frárennsli hafi víxlast. Rekstraraðila er bent á að bæta verklag og aðferðir við sýnatökur og taka nýtt

sýni þegar lífmassi í stöðinni er í hámarki. Í þessum efnainnihalds sýnatökum þá var ammóníak ekki mælt og engar mælingar til.

5. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem og neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs er til staðar.

6. Úti svæðið er snyrtilegt, fimm eldisker eru í stöðinni úti og var fiskur í einu kerinu. Frárennslið rennur í gegnum rotþró og út í lækinn, gengið var með frárennsli stöðvarinnar niður að á. Engar athugasemdir eru gerðar við frárennismál stöðvarinnar.

7. Engin efni eruð notuð í eldinu.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 3.4 í starfsleyfi.

Losun í fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 7 kg/tonn af lífmassaaukningu (heildarvöxtur) á ári. Fosfórlosun reiknaðist út frá fóðri 7,5 kg P/tonn er því yfir mörkum starfsleyfis.

Gr. 4.3 í starfsleyfi.

Mæla skal magn heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við inntak vatns í stöðina og við útrás frárennslis frá stöðinni a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun hins vegar við lágmarksfóðrun. Sýni voru aðeins tekin einu sinni og þá var stöðin tóm.

ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

- 1) Rekstraraðila var bent á að bæta þurfi verklag og merkingar við sýnatökur og þjálfun starfsfólks í því.
- 2) Rekstraraðila var bent á að ekki á að taka sýnatöku í lágmarkslífmassa í tómri stöð.

ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík, 15.10.2024

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Auður Eyberg Helgadóttir